

## FUNDARGERÐ

<b>Verkheiti:</b>	Hjúkrunarheimilið á Patreksfirði - Áætlunargerð
<b>Málsnúmer:</b>	608 7050
<b>Fundarstaður:</b>	Teams - Gróska, Borgartún 26
<b>Dagsetning:</b>	13.10.2023
<b>Fundinn sátu:</b>	Gylfi Ólafsson HVEST Guðrún Fanney Sigurðardóttir, HRN Þórdís Sif Sigurðardóttir, Vesturbyggð Arnheiður Jónsdóttir, Vesturbyggð Hildur Georgsdóttir, FSRE Örn Baldursson, FSRE Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð Hildur Elísabet Pétursdóttir, HVEST Magnús A. Sveinbjörnsson, HVEST Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, HVEST Una Eydís Finnsdóttir, FSRE
	Verkkaupafundur/ undirbúningsnefnd nr. 19

Skáletrun = fjarverandi

Dagskrá:

**1. Útboðsleiðir.**

Á fundinum kynnti Örn minnisblað þar sem lagðar eru til umræðu tvær tillögur að útboðsleiðum, A leið þar sem hefðbundið form hönnunarsamkeppni, þó með aukinni áherslu á kostnaðarvitund og leið B þar sem unnið er út frá útboðsleið, samkeppnisútboð, sem verið er að þróa í tengslum við samkeppni um Listaháskóla Íslands. Minnisblaðið er sent meðfylgjandi þessari fundargerð. Kostir og gallar beggja tillagna voru ræddar. Fundarmenn voru almennt jákvæðir fyrir tillögu B en komu jafnframt með nokkrar tillögur að breytingu á útfærslu sem gera mætti til að leiðin henti þessu tiltekna verkefni betur, aðallega að fækka tillögum sem unnar yrðu áfram á fyrra þrepi og mögulega stytta tímabil.

Töluverður munur er á markaðssvæðinu í þessari samkeppni vs. Listaháskóla keppinnar. Umræður. Ef það fæst enginn verktaki, þurfum við þá að byrja upp á nýtt. Fundarmenn viðruðu áhyggjur af byggingarformi, ef kostnaður gildi of mikið. En þá var bent á að viðmið um hjúkrunarheimili taka strax á þessu og eru með skýrar kröfur til byggingarinnar og því litlar líkur á að úr yrði bygging sem sæmir ekki starfsemi.

Rætt um dómnefnd og þá aðila sem samkeppnislýsing tekur fram að dómnefnd geti leitað til sem ráðgjafa. Umræður um að því fleiri ráðgjafar við dómnefnd, þeim mun meiri líkur á vanhæfi.

Niðurstöður umræðna voru að FSRE mun gera breytingar og senda nýtt minnisblað sem verður rætt á fundi. Í millitíðinni mun FSRE geta fengið uppfærðan áætlaðan kostnað við verkefnið og kynnt þær tölur á sama tíma. Frumathugun verður send með þessari fundargerð.

**2. Byggingarreitur og 10 metra línan.**

Varnargarðurinn aðeins ræddur. Verið að vinna í því að fá svör frá Veðurstofu Íslands við þeim spurningum sem út af standa.

**3. Næsti fundur** verður haldinn mánudaginn 23. október kl. 11.00. Bæði á Teams og hjá FSRE.

Óformlegir fundir verða haldnir ef þörf er á um óljós mál sem koma upp.

Fundargerð ritaði Una Eydís Finnsdóttir, FSRE